



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

1

Nefndasvið Aipingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 129/1889
komudagur 1.4.2011

1. apríl 2011

Umsögn um frv. til breytinga á vatnalögum nr. 15/1923, 561. mál

Í aðalatriðum gerir frumvarpið ráð fyrir að lögin frá árinu 1923 verði færð í nútímalegra horf hvað varðar t.d. stjórnslutengd atriði, en að efnisatriði laganna hvað varðar vatnsnot, rétt fasteignareigenda, rétt vatnsveitna sveitarfélaga o.fl. festi í raun í sessi, að sinni, þá sátt sem ríkt hefur í krafti gildandi laga. Samorka gerir ekki athugasemdir við þessa nálgun, né þá stefnu að meginstjórnsýsla vatnamála sé á hendi Orkustofnunar með kæruleið til ráðherra.

Óraunsætt ákvæði um nýja tilkynningaskyldu

Frumvarpið gerir þó ráð fyrir einni efnisbreytingu sem Samorka telur engan veginn ásættanlega:

Skv. 79. gr. frv. skal 2. mgr. 144. gr. laganna hljóma svo:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Að mati Samorku er þessi nýja krafa alltof almennt orðuð hér. Eða má ætla að hún nái jafnvel til hvers kyns minniháttar framkvæmda sem nauðsynlegar geta talist vegna viðgerða eða lagfæringa á veitu- eða virkjanamannvirkjum og rúmast jafnvel fyllilega innan áður útgefinna framkvæmdaleyfa? Í athugasemdum frumvarpsins um 79. gr. er ekki að finna ítarlegri skýringar á því hvers kyns afmörkun kunni að vera á þessari nýju kvöð, né í almennum athugasemdum við frumvarpið (þó er þar nefnt sem dæmi „minni háttar malarnám úr á ef ekki er um veiðivatn að ræða“ – en þá bæri að tilkynna framkvæmdina til Fiskistofu).

Samorka fer fram á að þetta ákvæði verði tekið út úr frumvarpinu enda vandséð að hægt sé að ábyrgjast að ávallt yrði farið eftir því, jafn opið og það



er. Raunar er í 6. mgr. 79. gr. mælt fyrir um að iðnaðarráðherra setji í reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði skv. greininni. Eftir stendur að skv. 2. mgr. er gerð krafa um að allar framkvæmdir séu tilkynntar.

Til vara fer Samorka fram á að orðalagi 2. mgr. verði breytt á þá lund að tilkynningarskyldan eigi eingöngu við um leyfisskyldar framkvæmdir og taki ekki til eðlilegs viðhalds eða viðgerða á orku- og veitumannvirkjum. Loks er það mat Samorku að við þau eigi jafnframt að hafa samráð vegna setningar umræddrar reglugerðar, sem og við Samband íslenskra sveitarfélaga. Með þeim hætti mætti e.t.v. koma í veg fyrir óþarflega íþyngjandi regluverk.

Ákvæði 5. mgr. um að Orkustofnun beri að svara innan fjögurra vikna hvort hún hyggist banna tilteknar framkvæmdir eða setja fyrir þeim skilyrði (og að stofnunin teljist framkvæmdunum samþykkt hafi ekki borist svar frá henni innan fjögurra vikna) hljómar e.t.v. sanngjarnt ef um væri að ræða meiriháttar framkvæmdir sem skipulagðar eru með góðum fyrirvara, en getur ekki talist viðeigandi þegar um minniháttar framkvæmdir er að ræða, jafnvel viðgerðir vegna bilana.

Aðgangur vatnsveitna verði áréttaður

Frumvarpið gerir í 22. gr. ráð fyrir efnislega óbreyttu ákvæði 25. gr. laganna um rétt vatnsveitna sveitarfélaga til töku neysluvatns í landareignum annarra manna, „enda séu þær ekki sviptar því vatni sem þeim er metið nauðsynlegt til þeirra þarfa sem í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim ekki óhagfelldari.“ Þetta ákvæði er óbreytt frá núgildandi lögum, og vísar til ákvæðis 11. gr. frv. um að í 10. gr. laganna segi:

Aðgangsröð að vatni er þessi eftir mikilvægi:

1. heimilisþörf,
2. búþörf,
3. þörf atvinnurekstrar á landareigninni, annars en búrekstrar, svo sem iðnaðar og iðju,
4. áveitupörf,
5. orkuþörf.

Þetta ákvæði 11. gr. frv. felur ekki í sér efnislega breytingu á lögnum, því þessi atriði eru rakin í núgildandi lögum í 18. (liðir 1-3), 39. (liður 4) og 49. (liður 5) gr. laganna, en þarna safnað saman á einum stað til einföldunar. Hins vegar er í þessari framsetningu 22. gr. frv. fólgin sú breyting að ákvæðið um rétt vatnsveitna skírskotar skv. því til allra þessara fimm þátta, en vísar einungis til 1., 2. og 3. liðar framangreindrar upptalningar í núgildandi lögum (þar sem 25. gr. vísar í þær þarfir sem getið er í umræddum kafla laganna, líkt og lagt er til með 22. gr. frv. en þar hafa liðir 4 og 5 bæst við umræddan kafla laganna).



Samorka gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu. Hins vegar vill Samorka vekja athygi á því að upp getur komið ágreiningur milli vatnsveitu svelftarfélags annars vegar, og landeiganda hins vegar hvað varðar aðgang að vatni eins og ráðgert er að 1. mgr. 25. gr. verði orðuð, og raunar eins og 1. mgr. 25. gr. laganna hljóðar í dag. Samorku er ekki kunnugt um dæmi um slíkt. Það sem hefur þó m.a. breyst frá því að nágildandi ákvæði var samþykkt er að vatnsveita hefur verið gerð að skylduverkefni sveitarfélaga í þéttbýli. Er það vilji löggjafans, komi til slíks ágreinings, að vatnsveitur sveitarfélaga gætu hugsanlega þurft að lúta í lægra haldi gagnvart t.d. átöppunarverksmiðju, varðandi aðgang að neysluvatni?

Samorka telur mikilvægt að aðgangs vatnsveitna sé einnig getið í 10. gr. laganna og jafnframt telja samtökin að aðgangur vatnsveitna sveitarfélaga sé metin framur aðgangi almenns atvinnurekstrar á landareigninni. Samorka gerir því um það tillögu að við 11. gr. frv. verði bætt eftirfarandi setningu: *Aðgangur vatnsveitna sveitarfélaga er þó tryggður næst á eftir heimiis- og búspörfum, sbr. ákvæði 25. gr.*

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri